



Vinnumarkaðurinn heldur áfram að rétta úr kútnum

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 211.600 manns hafi verið á vinnumarkaði í ágúst 2021, sem jafngildir 79,8% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 200.800 starfandi, eða 75,8% af vinnuaflinu, og um 10.900 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 5,5% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki í ágúst fjölgaði um 5.900 milli ára, en fækkaði nokkuð frá síðasta mánuði, en í júní og júlí hafði starfandi fólk aldrei verið fleira í einum mánuði í vinnumarkaðsrannsókninni.

Atvinnulausum fækkaði um 2.800 frá ágúst í fyrra en fjölgaði nokkuð frá síðasta mánuði. Hlutfall starfandi var 75,8% í ágúst og hækkaði hlutfallið um 1,4 prósentustig frá ágúst 2020.

Atvinnuþátttaka á uppleið

Atvinnuþátttaka hefur aukist nokkuð á þessu ári og var 79,8 % nú í ágúst, sem var reyndar lægra en næstu 3 mánuði á undan. Atvinnuþátttakan í ágúst var 0,1 prósentustigi hærri en í ágúst í fyrra.




Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 78,1% og hefur atvinnuþátttaka á þann mælikvarða verið á stöðugri uppleið frá því í janúar.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 5,2% í ágúst, sem er 1,4 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almenn atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 5,5% í ágúst og hafði minnkað um 3 prósentustig milli ára.

Þörf fyrir atvinnu

Samkvæmt könnun Hagstofunnar höfðu alls um 27.200 einstaklingar þörf fyrir atvinnu í ágúst 2021. Sá fjöldi jafngildir 12,2% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Samsvarandi tala var 9,9% í fyrri mánuði. Af þessum hópi voru 40% atvinnulausir (40% í júlí) og 34% tilbúnir að vinna en ekki að leita að vinnu - það hlutfall var 22% í júlí. 6% voru í vinnuleit en





ekki tilbúnir að vinna (9% í júlí) og 20% voru starfandi en samtímis vinnulitlir og vildu vinna meira (29% í júlí). Þessi tala Hagstofunnar, um 12,2% þörf fyrir atvinnu, er verulega hærri en mæling Vinnumálastofnunar á heildaratvinnuleysi í ágúst, sem var 5,5%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 5,2% í ágúst.

Vinnuafslnotkun jókst milli ára fimmta mánuðinn í röð

Starfandi fólk í ágúst fjölgaði um 3,0% miðað við sama mánuð í fyrra. Vinnutími styttest um 1,0% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 2% milli ára. Þetta er fimmti mánuðurinn í röð sem við sjáum fjölgun heildarvinnustunda milli ára, en þeim tók að fækka í upphafi ársins 2020 um svipað leyti og faraldurinn brast á.

Vinumarkaðurinn að rétta úr kútnum

Áhrif faraldursins komu sérstaklega fram í atvinnuleysi á fyrsta ári hans og það náði nýjum og áður óþekktum hæðum. Segja má að atvinnuleysið hafi verið meginásýnd þessarar kreppu á þeim tíma. Atvinnuleysi hefur hins vegar farið hratt minnkandi á síðustu mánuðum, en þar eiga ráðningarstyrkir nokkuð stóran hlut að máli. Á næstu mánuðum mun koma í ljós hvort fólk sem fékk störf á grundvelli ráðningarstyrkja muni halda þeim. Reynslan af slíkum styrkjum er góð, en aðstæður eru líka sérstakar nú um stundir.


Aðrar stærðir á vinnumarkaði, eins og fjöldi og hlutfall starfandi, atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, færðust einnig í neikvæða átt á þessum tíma en eru óðum að færast í rétta átt. Þannig hefur heildarvinnustundum nú fjölgað fimm mánuði í röð sem er nokkuð sterk vísbending um batnandi vinnumarkað.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Fjöldi þeirra sem hafa þörf fyrir atvinnu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinna og vinnutími



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild